

2012



Ársskýrsla Sveitmenntar árið 2012



**Starfsgreinasamband
Íslands**



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ársskýrsla Sveitamenntar 2012
starfsmenntasjóðs starfsmanna
sveitarfélaga á landsbyggðinni
5/14/2013

Efnisyfirlit:

- Formáli	bls. 3
- Almennar upplýsingar.....	bls. 3
- Stjórn og starfsmenn.....	bls. 4
- Úrdráttur um reglur SM vegna styrkja.....	bls. 5
- Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2012.....	bls. 6
- Einstaklingsstyrkir.....	bls. 7
- Styrkir úr sveitarfélagadeild Sveitamenntar.....	bls. 12
- Helstu ákvarðanir stjórnar Sveitamenntar á árinu.....	bls. 14
- Fræðslustjóri að láni.....	bls. 15
- Samningur um fjármögnun fræðsluáætla.....	bls. 16
- Fræðsla og kynningarstarf.....	bls. 17
- Lokaorð.....	bls. 18

Fylgiskjöl:

- Verkefni Sveitamenntar 2012
- Rekstrarreikningur 2012
- Efnahagsreikningur 2012

Formáli

Sveitamennt SGS og LN er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.

Sveitamennt tók formlega til starfa 1. janúar 2007 og byggir á gr. 13.4.3. um starfsmenntunarsjóð í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga (LN) og Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Markmið sjóðsins er annars vegar að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma og efla starfsmenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífelld fjölbreyttari verkefni.

Sveitamennt skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

Sveitarfélagadeild sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði starfsmenntunar sem eru í samræmi við markmið sveitarfélaga sem í sjóðinn greiða; stéttarfélaga sem að sjóðnum standa; eða verkefna sem sjóðstjórn skipuleggur. Auk þess styrkir deildin verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningi.

Einstaklingsdeild veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna til þess að þeir eigi kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Greitt er til sjóðsins samtals 0,72% á laun starfsmanna skv. kjarasamningi og sjá aðildarfélög sjóðsins (félög SGS á landsbyggðinni) um innheimtu gegn 3% þóknun.

Sá háttur er hafður á einstaklingsstyrkjum að hver félagsmaður getur sótt um styrk til síns verkalýðsfélags sem metur umsóknina og afgreiðir styrkinn eftir starfsreglum Sveitamenntar. Verkalýðsfélagið sækir svo um endurgreiðslu til Sveitamenntar eins og oft og þurfa þykir. Þannig eru það verkalýðsfélögin sem sjá alfarið um afgreiðslu einstaklingsstyrkjanna. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til framkvæmdastjóra eða stjórnar sjóðsins.

Umsóknir sem berast til sveitarfélagadeildar sjóðsins eru sendar rafrænt á skrifstofu sjóðsins og afgreiddar á stjórnarfundum einu sinni í mánuði.

Almennar upplýsingar

Skrifstofa Sveitamenntar, Landsmenntar, og Ríkismenntar er í Ofanleiti 2, fimmtu hæð (áður húsnæði Háskóla Reykjavíkur), en þar eru einnig til staðar Fræðslumiðstöð atvinnlífsins og Starfsmennt fræðslusetur. Þá má geta þess að Mímir-Símenntun hefur sitt aðsetur á þriðju hæð hússins. Sennilega má halda því fram að aldrei áður hafa jafnmargir aðilar sem sinna

framhaldsfræðslu verið undir sama þaki, sem er mjög mikið ánægjuefni. Í húsinu er góð aðstaða til fundarhalda og nýta sjóðirnir þá aðstöðu. Þá er góð aðstaða til fjarfunda sem stjórn Sveitamenntar nýtir ef þurfa þykir. Augljós sparnaður verður með notkun þessarar tækni ásamt því að nýta fundarsíma símans.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Sveitamenntar SGS og LN er skipuð fjórum fulltrúum sem eru eftirfarandi:

Fulltrúar Starfgreinasambands Íslands (SGS)

Signý Jóhannesdóttir, formaður stjórnar, formaður Stéttarfélags Vesturlands og varaforseti ASÍ.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar lóju og formaður Starfgreinasambands Íslands hætti sem aðalmaður í stjórn í september en verður varamaður. Birni eru þökkuð vel unnin störf í þágu Sveitamenntar.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Vlf. Vestfirðinga tók sæti Björns frá sama tíma.

Fulltrúar Samband íslenskra sveitarfélaga

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Guðfinna Harðardóttir, mannauðssérfræðingu hætti hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í september og þá um leið sem stjórnarmaður í Sveitamennt. Guðfinnu eru þökkuð vel unnin störf fyrir Sveitamennt.

Sólveig B. Gunnarsdóttir, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skipuð í stað Guðfinnu.

Starfsmenn á skrifstofu

Framkvæmdastjóri Landsmenntar Kristín Njálisdóttir veitir Sveitamennt einnig forstöðu. Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri Sveitamenntar.

Fundir á árinu

Stjórn Sveitamenntar hélt 10 fundi á árinu 9 voru haldnir í Ofanleiti 2 eða í fundarsíma símans, en einn var haldinn á Akureyri, en skv. ákvörðun stjórnar skal einn fundir haldinn út á landi hvert ár. Eining lója bauð til fundar að þessu sinni. Áður en fundur hófst heimsóttu fundarmenn höfuðstöðvar Öldrunarheimilis Akureyrar í Hlíð og fræddust um starfsemi þess og Eden hugmyndafræðina sem þar er unnið eftir. Einnig heimsóttu fundarmenn Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) og var kynnt starfsemi hennar sem er fjölbreytt og spannar vítt svið menntunarmöguleika á svæðinu. Þá voru haldnir samráðsfundir við aðra sambærilega sjóði.

Úrdráttur um reglur Sveitamenntar vegna styrkja

Sveitamennt – einstaklingsstyrkir

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Sveitamenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Sveitamennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins www.sveitamennt.is

Sveitamennt – styrkir til stofnana og stéttarféлага

Stofnanir og stéttarfélag geta sótt um styrk til Sveitamenntar til námskeiðshalds fyrir starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands og þá um leið Sveitamennt.

Styrkurinn getur numið 100% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um.

Dæmi um nám/námskeið sem Sveitamennt styrkir: Stuðningsverkefni, tölvunámskeið, öryggis- og skyndihjálparnámskeið, nýliðafræðsla, íslenskunámskeið, fagnámskeið skv. námskrám FA, nýjungar í námsefnisgerð, sí- og endurmenntun vegna starfstengdra verkefna, þarfagreiningar eða Fræðslustjóri að láni o.m.fl



Frá bæjarvinnunni á Húsavík; sláttustörf á íþróttavellinum.

Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2012

Tómstundastyrkir

Undanfarin ár hefur félagsmaður átt rétt á einstaklingsstyrk vegna frístunda-/tómstundanámskeiða. Greitt hefur verið 50% styrkur að hámarki kr. 18.000.- á ári. Í ár var þessari reglu breytt þannig að félagsmaður fær greitt 75% af kostnaði námskeiðs að hámarki kr. 20.000.- sem eins og áður dregst frá heildarupphæð einstaklingsstyrks.

Ferða- og dvalarstyrkir (einstaklingsstyrkir)

Stjórn Sveitamenntar samþykkti nýjar reglur varðandi ferða- og dvalarstyrki og sem fyrr er alltaf gert ráð fyrir að fólk velji ódýrasta ferðamátann. Reglur þessar tóku gildi f.o.m. 1. janúar 2013.

Greitt er vegna aksturs $\frac{1}{4}$ af kílómetragjaldi eins og það er hverju sinni. Ef ekið er um Hvalfjarðargöng er heimilt að greiða hverja ferð niður um 75% af kostnaði viðmiðunarupphæðar gjaldskrár. Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs styrkhafa sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Ef hagstæðara er að fljúga en aka er heimilt að niðurgreiða flugkostnað um allt að 75% af hverjum flugmiða.

Heimilt er að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6000.- en þó aldrei meir en 75% af fullu verði.


Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja eins og þeir eru hverju sinni.

Útbúin hafa verið sérstök umsóknareyðublöð vegna þessa og aðildarfélögin hvött til þess að halda vel utanum upplýsingar vegna þessara styrkja. Með þessum hætti verður mun auðveldara að sjá í fljótu bragði hvað ferða-og dvalarkostnaður fólks á landsbyggðinni er mikill í tengslum við sí-og endurmenntun. Forvitnilegt verður að sjá hversu hátt hlutfall styrkja fer í raun í ferða-og dvalarkostnað hjá landsbyggðarfólkinu sem nýtir einstaklingsstyrki sjóðsins.

Einstaklingsstyrkir árið 2012


Einstaklingsstyrkjum hefur verið úthlutað frá því að starfsemi Sveitamenntar hófst árið 2007. Úthlutað var 622 styrkjum fyrir samtals kr. 16.727.517.- eða sem svarar kr. 26.989.- pr. einstakling. Hér á eftir koma tölulegar upplýsingar um þróun fjölda styrkja til einstaklinga og einnig meðaltal úthlutaðra styrkja í krónum talið, aldursdreifing, kynjaskipting o.fl

Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Sveitamenntar 2007- 2012




Mynd 1. Nokkur fjölgun var á úthlutaðum styrkjum til einstaklinga milli ára, en hefur þó ekki náð sama fjölda og árin 2009 og 2010.

Meðaltalsupphæð greiddra einstaklingsstyrkja




Mynd 2. Myndin sýnir þróun á meðaltalsupphæð greiddra styrkja til einstaklinga frá því sjóðurinn tók til starfa. Hámarksstyrkur til einstaklinga er kr. 60.000.- á ári og hefur verið síðan í byrjun árs 2008. Þá geta einstaklingar tekið út uppsafnaðan 3ja ára rétt (180.000.-) síðan í ársbyrjun 2010.

Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 2012




Mynd 3. Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja á árinu var 622 sem er fjölgun um 56 styrki á milli ára, hér má sjá hvernig þeir dreifast á þau 15 félag sem nýttu sér sjóðinn á árinu.

Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2012




Mynd 4. Dreifing einstaklingsstyrkja á landshluta breytist á milli ára, en styrkjum til Norðurlands Eystra fækkar um 10% á milli ára en Austurland bætir við sig rúmum 3%. Félagsmenn í Einingu lóju, Framsýn og Afli Starfsgreinafélagi eru þó sem fyrr duglegir að nýta rétt sinn í sjóðinn. Hafa ber í huga að hlutfall félagsmanna þessara félaga sem aðild eiga að Sveitamennt er líka hæst á landinu.

Kynjaskipting 2012




Mynd 5. Kynjaskipting á úthlutuðum styrkjum sýnir að körlum sem fengu styrk úr sjóðnum hefur fjölgað um 4% á milli ára. Félagsmenn aðildarfélaga Sveitamenntar eru að lang stærstum hluta konur og er skiptingin hér í samræmi við það.

Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2012




Mynd 6. Aldursdreifing staðfestir að flestir innan hópsins sækja sér endurmenntun á aldrinum 20 til 60 ára eða 90% þýðisins. Stærstur er hópurinn 21-30 ára sem er forvitnilegt og næstur er hópurinn 41-50 ára.

Fjöldi einstaklinga eftir námskeiðum 2012




Mynd 7. Helstu breytingar hér eru að starfsnámið fer úr 28% 2011 í 31% 2012 og þeim sem fara í háskóla fjölga um 6%. Vert er að vekja athygli á því að tæplega 70% nýta styrki sína í starfsnám, framhaldsskóla og háskóla.

Skipting fjármagns á nám/námskeið 2012




Mynd 8. Hér má sjá að 75% fjármagns fer í að styrkja fólk í starfsnám, framhaldsskóla og háskóla.

Upphæðir einstaklingsstyrkja



Mynd 9. Hér sést hvernig styrkir skiptast á upphæðir. Nær helmingur styrkja er undir kr. 20.000.-.

Erlendir ríkisborgarar vs. íslenskir



Mynd 10. Félagsmenn með erlent ríkisfang nýta sér sjóðinn vel og í samræmi við hlutfall af heildarfjölda þeirra sem eiga aðild að Sveitamennt. Mjög fáir erlendir félagsmenn aðildarfélaga SGS starfa hjá sveitarfélögum.


Styrkir úr sveitarfélagadeild Sveitamenntar

Sveitamennt tók til starfa eins og áður sagði 1. janúar 2007. Starfsemin fór hægt af stað og voru verkefni aðeins 5 á fyrsta starfsári þar sem úthlutun úr sveitafélagadeildinni hófst ekki fyrr en um haustið 2007. Starfsemin tók verulegan kipp strax árið eftir.

Straumhvörf verða í starfsemi sjóðsins frá árinu 2010 en þá fjölga verkefnum sem sjóðurinn styrkir úr 19 árið 2009 í 42 og þátttakendur eru orðnir 655 talsins. Á árinu 2011 heldur sama þróun áfram verkefnum fjölga úr 42 í 78 og þátttakendur orðnir um 2000 talsins. Árið 2012 eru afgreidd 89 styrkloforð með um 2300 þátttakendum.

Styrkt verkefni ársins voru af fjölbreyttu tagi eins og áður og af þeim 89 styrkloforðum á árinu voru 78 verkefni gerð upp fyrir kr. 39.049.078.-


Hér koma tölfræðilegar upplýsingar vegna styrkveitinga sveitarfélagadeildar sjóðsins. Um er að ræða mynd sem sýnir yfirlit þróunar styrkveitinga Sveitamenntar og síðan mynd sem sýnir yfirlit verkefna á árinu og hvernig dreifingin er á ýmsar tegundir verkefna.



Mynd 11. Myndin sýnir þróun á fjölda verkefna sem afgreidd hafa verið af stjórn Sveitamenntar og fjölda þátttakenda á bak við þau. Á árinu 2012 voru greiddar kr. 39.049.078.- vegna fræðslu hjá stofnunum sveitarfélaga og í námskeiðahald aðildarfélaga Starfsgreindsambands Íslands.

Sveitamennt: Skipting styrkloforða eftir tegundum verkefna, 2012

Námsferð erlendis	35		
Námsferð innanl.	12		
Starfst. Námsk.	30		
Samskipti/hópefli	8		
Tölvunámsk.	4	Samtals	89



Mynd 12. Þessi mynd sýnir tegundir styrkra verkefna hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Tölvunámskeiðin eru á vegum stéttarféлага.

Á árinu 2012 voru stofnanir hjá 32 sveitarfélögum sem nýttu sér sjóðinn og stéttarfélögin stóðu fyrir fjórum verkefnum. Eins og áður sagði þá voru náms- og kynnisferðir innanlands og erlendis margar og fjölmennar en þar er aðallega um að ræða grunnskóla og leikskóla sveitarfélaganna. Starfstengdu námskeiðin eru í flestum tilvikum innan heilbrigðis- og félagsþjónustu sveitarfélaganna, aðallega á dvalarheimilum aldraðra. Þó nokkur starfstengd námskeið voru haldin innan grunnskóla og var stærsta verkefnið hjá Grunnskólum Akureyrar.

Óhætt er að segja að hér sé um ánægjulega þróun að ræða og ljóst að þeir sem eiga aðild að sjóðnum eru orðnir mjög meðvitaðir um tilvist hans. Það er einnig ánægjulegt að sjá hve styrkveitingar dreifast vel á sveitarfélög og stofnanir innan þeirra.

Helstu ákvarðanir stjórnar Sveitamenntar á árinu

Námskrá fyrir vinnuskóla

SÍMEY fékk það verkefni að gera námskrá fyrir flokkstjóra vinnuskóla sem fylla á 60 kennslustundir. Drög að henni eru tilbúin og er vonast til að sveitarfélög nýti sér hana fyrir starfsemi sumarsins 2013. Í framhaldi af því verður endanleg útgáfa gefin út.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga láta gera útekt á í hvaða aldurshóp þeir eru sem ráða sig til starfa sem flokkstjórar hjá vinnuskólum og hvort þeir falla undir markhóp laga um framhaldsfræðslu.

Náms- og kynnisferðir

Í desember 2011 var haldinn samráðsfundur fræðslusjóða um styrkveitingar til náms- og kynnisferða. Starfsmenn Sveitamenntar höfðu gert minnisblað um styrkveitingu vegna náms- og kynnisferða hinna ýmsu sjóða, sérstaklega var skoðaður samanburður meðal þeirra fræðslusjóða sem tengjast réttindum starfsmanna hjá ríkisstofnunum og hjá sveitarfélögum. Þar kom fram að mjög mismunandi reglur gilda hjá sjóðunum um styrkveitingar til náms- og kynnisferða. Fulltrúar fræðslusjóðanna voru hins vegar sammála um að reynt yrði að ná eins miklu samræmi og kostur væri. Eftirfarandi var samþykkt af stjórn Sveitamennar:

Sveitamennt veitir styrk að hámarki kr. 150.000.- til stofnunar vegna þátttöku hvers einstaklings í náms- og kynnisferð innanlands eða utan. Styrkurinn nær yfir kostnað v/flugs, gistingar og ferða á milli staða.

Hámarksstyrkur til slíkra verkefna er veittur til stofnanna á þriggja ára tímabili.

Á árinu 2012 er í fyrsta sinn unnið eftir þessum reglum stjórnar sjóðsins en óhætt er að segja að á árinu hafi náms- og kynnisferðir náð hámarki þar sem afgreiddir voru styrkir til 35 námsferðir erlendis og 12 innanlands. Þetta eru yfirleitt mjög dýr verkefni en undantekningalaust mjög vel skipulögð.

Áður en þessi nýja regla tók gildi hjá Sveitamennt var verið að veita 100% styrki í öll verkefni og þ.m.t. náms- og kynnisferðir.

Samstarfssamningur Sveitamenntar og Fræðslusetursins Starfsmennar

Á árinu 2010 afgreiddi stjórn samning á milli Sveitamenntar og Fræðslusetursins Starfsmennar gagnvart starfsmönnum sveitarfélaga sem eru félagsmenn í aðildarfélögum innan SGS. Samningurinn gerir þeim kleift að sækja námskeið sem Fræðslusetrið Starfsmennt heldur vítt og breytt um landið. Sveitamennt mun skv. samningnum greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga sem heyra undir sjóðinn.

Viðauki var gerður 2011 við ofangreindan samning Sveitamenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar vegna greiðslu þátttökugjalda félagsmanna aðildarfélaga sjóðsins sem stunda nám á BRÚ félagsliða við Borgarholtsskóla. Á árinu 2012 var samþykkt að gera annan viðauka við samninginn vegna brúarnáms félags- og tómstundanáms og greiða beint innritunar- og einingargjöld félagsmanna Sveitamenntar. Töluverður fjöldi starfsmanna sveitarfélaga sem eru félagsmenn aðildarfélaga SGS á landsbyggðinni hafa nýtt sér nám/námskeið á vegum Starfsmenntar skv. þessum samningi eða 97 talsins á árinu 2012.

Lotunám matartækna við Verkmenntaskólann á Akureyri

Sveitamennt fjármagnaði að mestu nám matartækna sem var skipulagt af SÍMEY, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar í samvinnu við VMA, Verkmenntaskólann á Akureyri. Verkefnið tókst mjög vel og allt samstarf þeirra sem komu að verkefninu hið ánægjulegasta. Tólf matartækna, allt konur, útskrifuðust í maí 2012 og fór útskriftin fram í skemmtilegri móttöku í Þrúðvangi, veislusal matvælabrautar VMA. Verkefnið var unnið í framhaldi af raunfærnimati sem konurnar höfðu farið í gegnum hjá SÍMEY og Iðunni fræðslusetri.



Frá útskrift matartækna í Þrúðvangi, veislusal matvælabrautar VMA

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til stofnana sveitarfélaga samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóð. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál stofnunar, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til og útbýr fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn.

Í janúar var undirritaður samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um Fræðslustjóra að láni fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins, þ.m.t. Heilbrigðisstofnun Suðausturlands. Verkefnið var unnið á árinu og fræðsluáætlun gefin út um vorið. Verkefnið var unnið af Markvissráðgjöfum Austurbrúar og starfsmanni Sveitamenntar.

Í október var undirritaður samningur um Fræðslustjóra að láni við Hvalfjarðarsveit og um leið samningur við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi um framkvæmd verkefnisins.

Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur mælst mjög vel fyrir og má merkja aukinn áhuga hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra að nýta sér þessa leið til að gera þarfagreiningu og í framhaldinu fræðsluáætlun til lengri tíma. Sveitamennt, Landsmennt, Ríkismennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eru þeir sjóðir sem koma að verkefninu í heild sinni og nýta sér það markvisst fyrir sína umbjóðendur.



Frá undirritun samnings um Fræðslustjóra að láni til Hvalfjarðarsveitar

Samningar um fjármögnun fræðsluáætlana

Sveitamennt gerði sína fyrstu samninga um fjármögnun fræðsluáætlana í kjölfar verkefnisins Fræðslustjóri að láni. Hér er um nýbreytni að ræða sem hefur verið vel tekið. Annars vegar var gerður samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð og hins vegar við Öldrunarheimili Akureyrar í þessu sambandi.

Einnig voru gerðir samningar um eigin fræðslu hjá sveitafélögum og stofnunum þeirra. Slíkir samningar eru gerðir vegna þeirrar fræðslu sem starfsmenn viðkomandi stofnanna sjá sjálfir um og eru þá ekki að sinna sínu hefðbundna starfi á meðan. Slík fræðsla er styrkt skv. ákveðnum reglum sjóðsins um eigin fræðslu.

Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Sveitamenntar. Lagður er mikill metnaður í að heimasíðan sé ávallt með réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins greinar í blöð og tímarit ásamt því að auglýsa sjóðinn í blöðum stéttarféлага, símenntunarstöðva og öðrum fjölmiðlum sem og hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Heimsóknir til sveitarfélaga og stofnana þeirra skilar jafnan góðum árangri. Fundað er með stjórnendum og starfsmönnum og starfsemi sjóðsins kynnt. Bæklingar með kynningarefni eru skildir eftir. Þótt hér sé um tímafrekt verk að ræða sýna dæmin að stjórnendur taka oft vel við sér og hrinda af stað ýmis konar fræðslu sem sjóðurinn styrkir.



Kynningarbæklingar Sveitamenntar til einstaklinga og stofnanna sveitarfélaga.

Lokaorð

Eins og sjá má í skýrslu þessari þá eykst umfang starfsemi Sveitamenntar ár frá ári og er það ánægjuefni. Það þýðir hins vegar að það gengur á eignir sjóðsins. Stjórn sjóðsins verður því að vera við því búin að grípa inn í með viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir.

Starfsemin var hefðbundin á árinu 2012 töluverð aukning var á fjölda einstaklingsstyrkja, mikil fjölgun styrkja var til einstaklinga sem sóttu sér háskólanám og í starfsnám sem er fagnaðarefni. Svipaða sögu má segja um styrki til stofnana þeim fjölgar á milli ára og fjöldi félagsmanna sem njóta þeirra verkefna er sjóðurinn styrkti vex mjög og voru þeir um 2300 manns á árinu.

Meðal nýmæla á árinu var að Sveitamennt gerði sína fyrstu samninga um fjármögnun fræðsluáætlana sem gerðar höfðu verið með verkefninu Fræðslustjóri að láni, sem sjóðurinn hafði styrkt. Hér er á ferðinn mjög gott verkfæri til þess að fylgja eftir fræðslu sem starfsfólk og stjórnendur töldu mikilvæga í gerð fræðsluáætlunar.

Í nútíma samfélagi er það orðið viðurkennt að menntun á sér stað alla ævina, menntun sem fólk sækir í dag úreltist á morgun og því er nauðsynlegt að ávallt séu tækifæri fyrir fólk að sækja sér viðbótarmenntun. Sérstaklega verður að hafa þá í huga sem ekki hafa lokið formlegri menntun, ekki skilja það fólk útundan sem velja að mennta sig óformlega samhliða starfi. Því fólki verður að gera kleift að að sækja sér menntun í skrefum.

Margt hefur verið gert ágætlega á undanförunum árum, en vonandi mun okkur veitast sú gæfa að allir sem koma að fræðslu hvort sem hún er formleg eða óformleg standi saman um að gera enn betur á leið okkar inn í framtíðina. Markmið er að allir fái að stunda nám og vinnu við sitt hæfi.

Reykjavík, 14. maí 2012

Kristín Njálisdóttir, framkv.stj.

EyjólfurBragason,verkefnastjóri